

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 190/1994.

**Sameinaði lífeyrissjóðurinn**

(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

gegn

**Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

**og gagnsök**

Ábyrgð á lífeyrisðgjöldum. Lögskýring.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason og Arn-  
ljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl  
1994. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi greiði sér 204.232 krónur  
með dráttarvöxtum frá 18. desember 1992 til greiðsludags, en til  
vara, að héraðsdómur verði staðfestur. Hann krefst og málskostn-  
aðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. maí 1994. Hann  
krefst aðallega sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostn-  
aðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, til vara, að hinn  
áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að málskostn-  
aður í héraði falli niður og þá einnig fyrir Hæstarétti.

Við meðferð frumvarps þess, er varð að lögum nr. 53/1993 um  
ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, sagði félagsmálaráðherra, er  
hann mælti fyrir frumvarpinu, að í lögum nr. 52/1992 væri miðað við  
úrskurðardag. Af hálfu lífeyrissjóða hefði hins vegar verið litið svo  
á, að eðlilegt væri að miða við frest dag, og væri gerð tillaga um slíka  
breytingu á lögnum í 5. gr. frumvarpsins. Með þessari athugasemd  
verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

**D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. janúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sameinaða lífeyrissjóðnum, kt. 620492-2809, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, gegn Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota, kt. 450193-2759, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, með stefnu, dagsettri 6. september sl., en birtri áttunda og níunda sama mánaðar.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 204.232 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. september 1992, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 86.888 krónur ásamt vöxtum skv. 5. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. desember 1990 til 18. desember 1992, þá með dráttarvöxtum skv. III. kafla sömu laga til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987 og málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda 86.888 krónur auk vaxta samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 10. desember 1990 til 18. desember 1992, en frá þeim degi til greiðsludags dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga af samtölu höfuðstóls og vaxta skv. 5. gr. vaxtalaga fyrir framangreint tímabil, en málskostnaður verði felldur niður.

#### I.

##### *Tildrög máls og ágreiningsefni.*

Í stefnu segir m. a.: „Garðasmiðjan Galax sf., kt. 701286-1629, greiddi ekki lögboðin lífeyrissjóðsigjöld til Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða vegna starfsmanna sinna og ekki heldur sjúkra- og orlofssjóðsigjöld, félagsgjöld til stéttarfélags né gjald í endurmenntunarsjóð. Fól sjóðurinn lögmanni innheimtu gjaldanna, en innheimtan bar ekki árangur. Bú Garðasmiðjunnar Galax sf. auk búa sameigenda félagsins, þeirra Höskulds Hildi-brandssonar og Sigurþórs N. Hafsteinssonar, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 9. júní 1992. Frestdagur við skiptin var 25. mars 1992. – Ofangreindum kröfum var lýst að hluta sem forgangskröfum í þrotabú félagsins af hálfu Sameinaða lífeyrissjóðsins, sem þá hafði tekið við öllum réttindum og skyldum Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. [...] Lýsti lífeyrissjóðurinn sem forgangskröfum iðgjöldum til sjóðsins samkvæmt skilgreiningum fyrir tímabilið september 1990 til janúar 1992 auk gjalda í sjúkra- og orlofssjóð, félagsgjalda og gjalds í endurmenntunarsjóð fyrir sama tímabil, samtals

2.568.169 kr., með dráttarvöxtum til 9. júní 1992. Auk þessa var lýst kröfum vegna innheimtukostnaðar af sömu kröfum, 198.668 kr. – Skiptastjóri viðurkenndi forgangskröfu sjóðsins, eins og henni var lýst, [...], og í samræmi við 11. gr. laga nr. 52/1992, er þá giltu um Ábyrgðasjóð launa, sendi hann þeim sjóði umsögn sína um kröfuna í bréfi, dags. 30. sept. 1992. Sameinaði lífeyrissjóðurinn sendi kröfu sína um greiðslu úr Ábyrgðasjóði með bréfi, dags. 17. júlí 1992, og krafðist í samræmi við 5. gr. laga nr. 52/1992 greiðslu á lífeyrissjóðsiðgjöldum annarra en eigenda fyrirtækisins, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 52/1992, og nam höfuðstóll iðgjalda fyrir tímabilið sept. 1990 til jan. 1992 samtals 1.234.997 kr. Jafnframt var krafist dráttarvaxta skv. 5. gr. laga nr. 25/1987, sbr. f-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 52/1992. – Með bréfi, dags. 11. des. 1992, hafnaði Ábyrgðasjóður kröfu lífeyrissjóðsins um iðgjöld fyrir september, október og nóvember 1990, en samþykkti greiðslu iðgjalda fyrir tímabilið frá desember 1990 til janúar 1992, alls 14 mánuði. Hinn 14. desember 1992 sendi Ábyrgðasjóður launa lögmanni stefnanda afrit bréfs til fjármálaráðuneytisins, þar sem fram kemur, að Ábyrgðasjóður telji iðgjöld, að fjárhæð 1.069.818 kr., falla innan ramma laga nr. 52/1992, og beri sjóðnum því að greiða Sameinaða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð ásamt vöxtum. Lögmaður lífeyrissjóðsins ritaði Ábyrgðasjóði bréf 18. desember 1992 og mótmælti þar þeim skilningi sjóðsins að miða tímamörk ábyrgðar sjóðsins við úrskurð um gjaldþrotaskipti, en ekki frestingardag [...]. – Krafa stefnanda á hendur stefnda var upphaflega 1.234.977 kr. auk vaxta skv. 5. gr. laga nr. 25/1987. Vextir af kröfu stefnanda námu 273.565 kr. 14. desember 1992, en þann dag greiddi stefndi honum 1.069.818 kr. auk vaxta af þeirri fjárhæð til þessa dags, 234.492 kr. Dómkrafa stefnanda er því mismunurinn, 204.232 kr. Krafast er dráttarvaxta af kröfunni frá 18. desember 1992, er stefnandi mótmælti afstöðu stefnda með bréfi.“

Í greinargerð stefnda segir m. a.: „Aðdraganda kröfugerðar stefnanda á hendur stefnda er réttilega lýst í stefnu málsins á dskj. 1. Gengið er út frá því, að ekki sé ágreiningur með aðilum um, að greiðsluábyrgð stefnda markist í þessu tilviki af lögum nr. 52/1992, sem voru í gildi, er stefnandi lýsti kröfum sínum á hendur stefnda í bréfi, dagsettu 17. júlí 1992, sbr. dskj. 3. Þá er þess að geta, að stefnandi hefur ekki athugasemdir fram að færa við sjálfa stefnufjárhæðina.“

## II.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda beri að greiða honum vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld þrotabús Garðasmíðjunnar Galax sf. fyrir

tímabilið frá og með september 1990 til og með janúar 1992 vegna ábyrgðar stefnda á grundvelli ákv. c-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, er þá voru í gildi. Á því er byggt, að ábyrgð sjóðsins taki til krafna stefnanda, sem fallið höfðu í gjalddaga síðustu 18 mánuði fyrir frest dag þrotabúsins, sem sé 25. mars 1992, en ekki beri að miða við 9. júní 1992, þegar úrskurður gekk um gjaldþrotaskipti, eins og lýst hafi verið yfir af hálfu stefnda, þar sem orð lagatextans „fyrir gjaldþrot“ beri að skýra á þann hátt, að miðað sé við frest dag.

Þennan lögskýringarkost kveður stefnandi mega leiða af fordæmum, for sögu viðkomandi lagaákvæðis og samanburðarskýringu við gjaldþrotaskiptalög. Hann vísar í þessu sambandi til 84. gr. 1. nr. 3/1878 um skipti dánarbúa, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, 2. gr. 1. nr. 31/1974 um ríkisábyrgð á launum, 8. gr. 1. nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 4. gr. 1. nr. 23/1985 um ríkisábyrgð á launum og almennra athugasemda með frumvarpinu, 4. gr. 1. nr. 88/1990 um ríkisábyrgð á launum, 112. gr. 1. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, athugasemda við frumvarp að fjárlögum fyrir árið 1992 í Alþt. 1991, bls. 327, 6.–8. gr., og 62. gr. 1. nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992 ásamt athugasemdum með 10. gr. frumvarpsins í Alþt. 1991, bls. 1563, 5. gr., og III. kafla 1. nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota og athugasemda með frumvarpinu um III. kafla laganna og í því sambandi umræður á Alþingi, Alþt. 1991–1992, bls. 9571–9581, 5. gr. 1. nr. 53/1993 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota og athugasemdir með þeirri grein frumvarpsins ásamt almennum athugasemdum með því og umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins á fylgiskjali með frumvarpinu og að lokum til tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum, verði vinnuveitandi gjaldþrota (80/987/EBE). Þá vísar stefnandi til Hrd. 1974, 660, 1979, 403, og 1988, 43.

Um varakröfu sína er staðhæft af hálfu stefnanda, að gjalddagi fyrir iðgjöld nóvembermánaðar 1990 falli innan átján mánaða tímamarksins, hvort sem miðað sé við frest dag eða úrskurðardag.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að með því að greiða stefnanda iðgjöld, samtals að fjárhæð 1.069.818 krónur, auk vaxta, að fjárhæð 234.492 krónur, samtals 1.304.310 krónur, hafi stefndi að fullu efnt þá greiðsluskyldu, sem á honum hvíldi gagnvart stefnanda samkvæmt c-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 52/1992, því að með greiðslu þessari hafi verið inntar af hendi

lýstar og samþykktar lífeyrisgreiðslur í þrotabú Garðasmiðjunnar Galax sf., sem fallið höfðu í gjalddaga síðustu átján mánuði fyrir gjaldþrot félagsins, þ. e. frá úrskurðardegi 9. júní 1992.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að sjónarmið stefnanda um fresttag í þessu sambandi og hér hefur verið lýst, eigi sér ekki stoð í greinargerð með frumvarpi laga nr. 52/1992 eða í umræðum á Alþingi um það. Aftur á móti megi berlega ráða af ummælum félagsmálaráðherra, er hún mælti fyrir frumvarpi til laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, sem urðu lög nr. 53/1993, hver skoðun ráðherrans var á þessu, en þar segir m. a.: „Í lögum um ríkisábyrgð á launum miðaðist lífeyrisiðgjaldaábyrgðin við það tímabil, er félli innan tímamarka þeirra, sem vinnulaunakröfu fylgdi forgangsréttur í búi. Túlkun félmrn. á þessu ákvæði var sú, að hér skyldi miða tímamörk við þann dag, sem bú var úrskurðað gjaldþrota, þ. e. úrskurðardag. Með lögum nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota var ákvæðinu vegna lífeyrissjóðsiðgjalda breytt á þann veg, að ábyrgð sjóðsins næði til kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsgjöld, sem fallið hefðu í gjalddaga síðustu 18 mánuði fyrir gjaldþrot. Ráðuneytið sem og Tryggingastofnun ríkisins hafa, eins og við ríkisábyrgð á launum, miðað við úrskurðardag. Talsmenn lífeyrissjóðanna hafa hins vegar litið svo á, að eðlilegt væri að miða við svokallaðan fresttag [...]. Lög um ábyrgðasjóð launa miða við það, þegar fyrirtæki er úrskurðað gjaldþrota, þ. e. 18 mánuðum áður en það á sér stað. [...] Í 5. gr. frv. er að finna tvö nýmæli. Annað er, að ábyrgð sjóðsins taki til kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna síðustu 18 mánaða fyrir fresttag, en ekki úrskurðardag, eins og tíðkast hefur. ...“

Sjónarmið stefnda varðandi varakröfur koma fram á dskj. nr. 16, en þar segir m. a.: „Varðandi iðgjöld í nóvember 1991 (sic) þá voru þau talin falla utan ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa, þar sem ávallt hefur verið miðað við, hvenær stofnað er til iðgjaldanna, þegar ákvarða á, hvort þau njóta ábyrgðar. Við afgreiðslu á iðgjaldakröfum skv. l. nr. 52/1992 var sá mánuður, sem félag er úrskurðað gjaldþrota, settur sem síðasti mánuður, sem ábyrgðasjóðurinn bar ábyrgð á, og síðan taldir 17 mánuðir til viðbótar aftur í tímánn. Þar sem Galax sf. var úrskurðað gjaldþrota svo snemma í júní 1992, var júní ekki talinn með og maí 1992 settur sem síðasti mánuður, sem féll undir ábyrgð sjóðsins. Ef krafist hefði verið iðgjalda fyrir júní 1992, hefði desember 1990 fallið út líka, þ. e. nóvember 1990 gat aldrei fallið undir ábyrgð sjóðsins skv. þeirri túlkun á lögnum, sem beitt hefur verið hjá Ábyrgðasjóðnum. – Munurinn á túlkun Sameinaða lífeyrissjóðsins og Ábyrgðasjóðs felst aðallega í því, að Ábyrgðasjóður telur gjaldamánuðina, en S. l. gjalddagana. Stjórn Ábyrgðasjóðs launa hefur hafnað því algerlega að miða

eingöngu við gjalddagana, því að það myndi yfirleitt leiða til ábyrgðar á iðgjöldum í alls 19 mánuði, þegar síðasti mánuður gjaldfellur, um leið og úrskurður um skipti er upp kveðinn. . . .“

#### IV.

##### *Niðurstaða.*

Í 5. gr. laga nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota segir: „Ábyrgð sjóðsins tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum: [...] c. kröfur viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld, sem fallið hafa í gjaldaga á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrot, að uppfylltum skilyrðum II. kafla laga þessara. . . .“

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að með orðinu gjaldþrot í lagatextanum sé átt við frestdag í skilningi gjaldþrotaskiptalaga. Miklu heldur má ætla, að með núgildandi lögum nr. 53/1993 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota hafi löggjafinn breytt fyrri skipan mála að þessu leyti með því að setja orðið frestdagur í stað orðsins gjaldþrot inn í annars óbreytta setningu frá eldri lagatexta. Þá þykir ljóst, að með orðinu gjaldþrot sé átt við tímamark, þegar bú vinnuveitanda er úrskurðað gjaldþrota.

Bú Garðasmiðjunnar Galax sf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 9. júní 1992. Frá 9. desember 1990 til 9. júní 1992 eru átján mánuðir. Hinn 10. desember 1990 gjaldféllu lífeyrissjóðsiðgjöld nóvembermánaðar 1990. Teljast því þau gjöld meðal iðgjalda, „sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrot“.

Samkvæmt framangreindu er fallist á dómkröfur stefnanda, sem hann gerði til vara, en þær eru efnislega samhljóða varakröfum stefnda að undanskildum kröfum um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 66.000 krónur í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota, greiði stefnanda, Sameinaða lífeyrissjóðnum, 86.888 krónur ásamt vöxtum skv. 5. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. desember 1990 til 18. desember 1992, þá með dráttarvöxtum skv. III. kafla sömu laga til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 66.000 krónur í málskostnað.